

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/66/EB**frá 15. desember 1997****um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu(*)**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
189. gr. b í sáttmálanum (3), á grundvelli sameiginlegs texta
sáttanefndarinnar frá 6. nóvember 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (4) er þess krafist að aðildarríkin tryggja réttindi og frelsi einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins, með það fyrir augum að tryggja frjálst flæði persónuupplýsinga í bandalaginu.
- 2) Fjarskiptaleynd er tryggð með alþjóðasamningum um mannréttindi (einkum Evrópasáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis) og með stjórnarskrám aðildarríkjanna.
- 3) Verið er að taka nýja háþróaða stafræna tækni í notkun á almennum fjarskiptanetum í bandalaginu og hefur það í för með sér að sérstök þörf er á því að vernda persónuupplýsingar og einkalíf notandans. Þróun upplýsingasamfélagsins einkennist af því að verið er að innleiða nýja fjarskiptaþjónustu. Árangursrík þróun þessarar þjónustu yfir landamæri, til dæmis pöntunarsjónvarp og gagnvirkt sjónvarp, byggist að hluta til á því að notendur geti treyst því að einkalíf þeirra verði virt.
- 4) Þetta á einkum við um upptöku stafræna samþætta þjónustunetsins (ISDN-samnetsins) og stafrænna far-símakerfa.
- 5) Í ályktun ráðsins frá 30. júní 1988 um þróun sameiginlegs markaðar á sviði fjarskiptaþjónustu og búnaðar fram til ársins 1992 (5) er hvatt til þess að gerðar verði ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar í því skyni að skapa hæfilegt umhverfi fyrir framtíðarþróun fjarskipta í bandalaginu. Ráðið ítrekaði mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og einkalíf í ályktun sinni frá 18. júlí 1989 um að auka samræmingu vegna upptöku stafræna samþætta þjónustunetsins (ISDN-samnetsins) í Evrópubanda-laginu fram til ársins 1992 (6).
- 6) Evrópuþingið hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að persónuupplýsingar og einkalíf njóti verndar við notkun fjarskiptaneta, einkum með tilliti til upptöku stafræna samþætta þjónustunetsins (ISDN-samnetsins).
- 7) Þegar um er að ræða almenn fjarskiptanet er nauðsynlegt að setja sérstök lagaákvæði, stjórnsýsluákvæði og tæknileg ákvæði með það fyrir augum að verja grundvallarréttindi og frelsi einstaklinga og réttmæta hagsmuni lögpersóna, einkum hvað varðar aukna áhættu í tengslum við sjálfvirkni við geymslu og vinnslu gagna er tengjast áskrifendum og notendum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 200, 22.7.1994, bls. 4.

(2) Stjtið. EB C 159, 17.6.1991, bls. 38.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 1992 (Stjtið. EB C 94, 13.4.1992, bls. 198). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. september 1996 (Stjtið. EB C 315, 24.10.1996, bls. 30) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 1997 (Stjtið. EB C 33, 3.2.1997, bls. 78). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. nóvember 1997 (Stjtið. EB C 371, 8.12.1997). Ákvörðun ráðsins frá 1. desember 1997.

(4) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

(5) Stjtið. EB C 257, 4.10.1988, bls. 1.

(6) Stjtið. EB C 196, 1.8.1989, bls. 4.

- 8) Samhæfa verður lagaákvæði, stjórnisýsluákvæði og tæknileg ákvæði, sem aðildarríkin samþykkja um verndun persónuupplýsinga, einkalífs og réttmætra hagsmuna lögpersóna á fjarskiptasviðinu, til að komast hjá hindrunum í vegi fyrir því að innri markaður fyrir fjarskipti komist á í samræmi við markmiðin sem eru sett fram í 7. gr. a í sáttmálanum. Samhæfingin takmarkast við nauðsynlegar kröfur til að tryggja að ekki verði settar hömlur á framgang og þróun nýrrar fjarskiptaþjónustu og -neta milli aðildarríkja.
- 9) Aðildarríkin, þjónustuveitendur og hlutaðeigandi notendur skulu, ásamt þar til bærum aðilum í bandalaginu, vinna saman að því að kynna og þróa viðkomandi tækni þegar það er nauðsynlegt til að þær tryggingar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, taki gildi.
- 10) Undir þessa nýju tækni falla gagnvirkt sjónvarp og pöntunarsjónvarp.
- 11) Tilskipun 95/46/EB gildir um fjarskiptasviðið, einkum um mál er varða verndun grundvallarréttinda og frelsis, sem ákvæði þessarar tilskipunar taka ekki sérstaklega til, þar á meðal skyldur ábyrgðaraðila og réttindi einstaklinga. Tilskipun 95/46/EB gildir um fjarskiptaþjónustu sem er ekki aðgengileg öllum.
- 12) Líft og kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 95/46/EB, fjallar þessi tilskipun ekki um mál sem snerta verndun grundvallarréttinda og frelsis í tengslum við starfsemi sem heyrir ekki undir lög bandalagsins. Það er aðildarríkja að gera þær ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar vegna almannaöryggis, landvarna, öryggis ríkisins (þar á meðal efnahagslegrar velferðar ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og fullnustu refsilaga. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkja til að standa að löglegum hlerunum vegna einhverra þessara ástæðna.
- 13) Áskrifendur fjarskiptaþjónustu, sem er aðgengileg öllum, geta verið einstaklingar eða lögpersónur. Ákvæðum þessarar tilskipunar er ætlað, sem viðbót við ákvæði tilskipunar 95/46/EB, að vernda grundvallarréttindi einstaklinga, einkum rétt þeirra til einkalífs, og einnig réttmæta hagsmuni lögpersóna. Þessi ákvæði mega á engan hátt leggja á aðildarríki þá skyldu að útvíkka gildissvið tilskipunar 95/46/EB til að vernda réttmæta hagsmuni lögpersóna. Sú vernd er tryggð í gildandi landslögum og lögum bandalagsins.
- 14) Tilteknar kröfur varðandi númera- og svarnúmerabirtingu og takmörkun á henni og varðandi sjálfvirka framsendingu til áskrifendalína, sem eru tengdar við hliðræna skiptistöð, má ekki gera að skyldu í vissum tilvikum ef það yrði tæknilega óframkvæmanlegt að uppfylla slíkar kröfur eða hefði í för með sér óhóflega mikil útgjöld. Nauðsynlegt er að aðilar, sem eiga hlut að máli, fái vitneskju um slík tilvik og aðildarríkin ættu því að tilkynna framkvæmdastjórninni um þau.
- 15) Þjónustuveitendur verða að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þjónustunnar sem þeir veita, ef nauðsyn krefur í samstarfi við þann sem býður fram aðgang að netum, og upplýsa áskrifendur um það ef sérstök hættu er á því að netöryggi bregðist. Öryggið er metið á grundvelli ákvæða 17. gr. í tilskipun 95/46/EB.
- 16) Gera verður ráðstafanir til að koma í veg fyrir óleyfilegan aðgang að fjarskiptum til að vernda trúnað að því er varðar fjarskipti um almenn fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem er aðgengileg öllum. Í lögum sumra aðildarríkja er einungis lagt bann við óleyfilegum aðgangi að fjarskiptum af ásetningi.
- 17) Gögn um áskrifendur, sem eru notuð við afgreiðslu símtala, innihalda upplýsingar um einkalíf einstaklinga og snerta rétt þeirra til að samskipti séu bundin trúnaði eða þau snerta réttmæta hagsmuni lögpersóna. Slík gögn má einungis geyma að því marki sem er nauðsynlegt til að geta veitt þjónustuna, gefið út reikninga og innheimt gjöld fyrir samtengingu og einungis í takmarkaðan tíma. Öll frekari vinnsla, sem veitandi fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg kann að hafa hug á vegna markaðssetningar sinnar eigin fjarskiptaþjónustu, er því aðeins leyfileg að áskrifandinn hafi veitt samþykki sitt, á grundvelli rétttra og ítarlegra upplýsinga frá veitanda fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, um það hvers konar frekari vinnsla hann áformar.
- 18) Möguleikar áskrifenda á því að sannreyna hvort þóknun sú sem þjónustuveitandi krefur þá um sé rétt hafa aukist með tilkomu sundurliðaðra reikninga. Jafnframt getur það stefnt í hættu verndun einkalífs notenda fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Þess vegna ber aðildarríkjunum að hvetja til þróunar á valmöguleikum í fjarskiptaþjónustu til að vernda einkalíf notandans, til dæmis með annars konar greiðslumöguleikum sem veita nafnlausan eða stranglega leynilegan aðgang að fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, til dæmis með símakortum eða greiðslu með greiðslukortum. Að öðrum kosti geta aðildarríkin, í sama tilgangi, krafist þess að tiltekinn fjöldi tölustafa sé þurrkaður út úr númerum sem hringt er í og eru tilgreind í sundurliðuðum reikningum.
- 19) Nauðsynlegt er, að því er varðar númerabirtingu, að vernda rétt þess sem hringir til að halda leyndu því númeri sem hringt er úr og rétt þess sem hringt er til

að hafna símtölum frá númerum sem eru ekki gefin upp. Í sérstökum tilvikum er réttlætandi að koma í veg fyrir að vörn gegn númerabirtingu sé notuð. Tilteknir áskrifendur, einkum þeir sem reka hjálparstarf og slík samtök, hafa hag af því að nafnleynd sé tryggð á þeim símtölum sem berast til þeirra. Nauðsynlegt er, að því er varðar svarnúmerabirtingu, að vernda réttmæta hagsmuni þeirra sem hringt er til og rétt til að láta ekki birta númerið sem hringjandinn tengist í raun, einkum þegar um er að ræða framsend símtöl. Þeir sem veita fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, verða að tilkynna áskrifendum sínum um það hvort númera- og svarnúmerabirting er notuð í kerfinu og um alla þjónustu sem í boði er á grundvelli númera- og svarnúmerabirtingar og um þá kosti sem standa til boða til að vernda einkalíf. Þetta veitir áskrifendum tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um það hvaða kost þeir velja til verndar einkalífsins. Möguleikar til verndar einkalífsins sem eru í boði fyrir einstakar línur þurfa ekki endilega að vera fyrir hendi sem sjálfvirk netþjónusta en geta fengist með einfaldri beiðni til aðila sem veitir fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.

- 20) Gera verður öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að áskrifendur verði fyrir óþægindum vegna sjálfvirkra framsendinga símtala annarra. Í slíkum tilvikum verða áskrifendur að eiga þann möguleika að geta stöðvað framsendingu símtala á endabúnað þeirra með einfaldri beiðni til aðilans sem veitir fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.
- 21) Símaskrá er dreift í stóru upplagi og eru þær öllum aðgengilegar. Vegna réttar einstaklinga til verndar einkalífs og réttmætra hagsmuna lögpersóna verða áskrifendur að geta ráðið því að hve miklu leyti persónuupplýsingar um þá eru birtar í símaskrá. Aðildarríkin geta takmarkað þennan möguleika við áskrifendur sem eru einstaklingar.
- 22) Gera verður öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að ráðist sé inn í einkalíf áskrifenda með óæskilegum símtölum og símaþréfum. Aðildarríkin geta takmarkað þessar öryggisráðstafanir við áskrifendur sem eru einstaklingar.
- 23) Nauðsynlegt er að tryggja samþæfingu tæknilegra atriða, sem eru tekin upp í fjarskiptabúnaði til gagnaverndar svo að þau samrýmist framkvæmd innri markaðarins.
- 24) Líkt og kveðið er á um í 13. gr. tilskipunar 95/46/EB geta aðildarríkin einkum og sér í lagi takmarkað skyldur og réttindi áskrifenda við tilteknar aðstæður, til dæmis með því að tryggja að veitandi fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geti, í samræmi við landslög og í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða koma upp um lögbrot eða vegna öryggis ríkisins,

komið í veg fyrir að vörn gegn númerabirtingu sé notuð.

- 25) Ef réttur notenda og áskrifenda er ekki virtur er nauðsynlegt að kveða á um lagaleg úrræði í landslögum. Hver sá sem fer ekki að þeim innlendu ákvæðum, sem eru sett samkvæmt þessari tilskipun, skal sæta viðurlögum hvort sem mál hans fellur undir einkarétt eða opinberan rétt.
- 26) Varðandi beitingu þessarar tilskipunar getur verið gagnlegt að líta til reynslu starfshóps um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem í eru fulltrúar eftirlitsyfirlalda aðildarríkjanna og komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- 27) Að teknu tilliti til tækniþróunar á sviði fjarskipta og þeirrar þróunar í framboði á þjónustu sem orðið hefur í kjölfarið verður nauðsynlegt að ákveða tæknilýsingu fyrir þá flokka gagna sem eru taldir upp í viðaukanum við þessa tilskipun vegna beitingar 6. gr. þessarar tilskipunar með aðstoð nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna, sem komið er á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, með það fyrir augum að tryggja samfellda beitingu krafanna sem eru settar fram í þessari tilskipun án tillits til tæknibreytinga. Þessi málsmeðferð á eingöngu við um tækniforskriftir sem eru nauðsynlegar til að laga viðaukann að nýrri tækniþróun, að teknu tilliti til breytinga á markaði og eftirspurnar neytenda. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu á tilhlýðilegan hátt ef hún áformar að beita þessari málsmeðferð. Að öðrum kosti skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 100. gr. a í sáttmálanum.
- 28) Til að auðveldara sé að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar er þörf á ákveðnu sér fyrirkomulagi við vinnslu þeirra gagna sem þegar eru í vinnslu á þeim degi er innlend framkvæmdalöggjöf tekur gildi samkvæmt þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Markmið og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er kveðið á um samþæfingu ákvæða aðildarríkjanna til að tryggja að vernd grundvallarréttinda og mannfrelsis sé á sama stigi, einkum að því er varðar réttinn til friðhelgi einkalífsins vegna vinnslu persónuupplýsinga á fjarskiptasviðinu og til að tryggja frjálsan flutning slíkra gagna og um fjarskiptabúnað og þjónustu í bandalaginu.
2. Ákvæði þessarar tilskipunar eru viðbót við og nánari umfjöllun um ákvæði tilskipunar 95/46/EB með það fyrir

augum að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr. Þar að auki er kveðið á um réttmæta hagsmuni áskrifenda sem eru lögpersónur.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga bandalagsins, til dæmis þá starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið og undir engum kringumstæðum um starfsemi sem varðar almannaoðryggi, varnarmál, öryggi ríkisins (þar á meðal efnahagslega velferð ríkisins ef starfsemin tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem koma fram í tilskipun 95/46/EB, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari tilskipun sem hér segir:

- „áskrifandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem hefur gert samning við veitanda fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, um að veita slíka þjónustu;
- „notandi“: einstaklingur sem notar fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg, til einkanota eða vegna atvinnureksturs, þótt hann hafi ekki endilega gerst áskrifandi að þjónustunni;
- „almennt fjarskiptanet“: sendibúnaður og, ef við á, skiptibúnaður og annar búnaður sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra tengipunkta um þráð, með útvarpsbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum, sem eru notaðar í heild eða að hluta, til að veita fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- „fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að senda og beina merkjum um fjarskiptanet, að undanskildum hljóðvarps- og sjónvarpssendingum.

3. gr.

Þjónusta

- Þessi tilskipun gildir um meðferð persónuupplýsinga í tengslum við framboð fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, á almennum fjarskiptanetum í bandalaginu, einkum um stafræna samþætta þjónustunetið (ISDN-samnetið) og almenn stafræn farsímakerfi.
- Ákvæði 8., 9. og 10. gr. gilda um áskriftarlínur sem eru tengdar við stafrænar skiptistöðvar og, þegar það er tæknilega framkvæmanlegt og hefur ekki í för með sér óhóflega mikil útgjöld, um áskriftarlínur sem eru tengdar við hliðrænar skiptistöðvar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilvik þar sem það myndi verða tæknilega óframkvæmanlegt eða hafa í för með sér óhóflega miklar fjárfestingar að uppfylla kröfur 8., 9. og 10. gr.

4. gr.

Öryggi

1. Sá sem býður fram fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, verður að gera viðeigandi ráðstafanir, tæknilega og skipulagslega, til að standa vörð um öryggi þeirrar þjónustu sem hann veitir, ef nauðsyn krefur í samstarfi við þann sem býður fram aðgang að almennum fjarskiptaneti, með tilliti til netöryggis. Þessar ráðstafanir skulu, að teknu tilliti til tæknistigs og kostnaðar við framkvæmdina, tryggja hæfilegt öryggisstig miðað við þá áhættu sem um er að ræða.

2. Sé um að ræða sérstaka hættu á því að netöryggi bregðist verður veitandi fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, að upplýsa áskrifendur um slíka áhættu og öll hugsanleg úrræði, þar á meðal kostnaðinn í tengslum við þau.

5. gr.

Fjarskiptaleynd

1. Aðildarríkin skulu, með setningu innlendra reglna, tryggja fjarskiptaleynd við notkun almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Einkum skulu þau leggja bann við hlustun, upptöku, geymslu eða öðrum aðferðum við hleranir eða eftirlit með fjarskiptum af öðrum en notendum, án samþykkis viðkomandi notanda, nema þegar slíkt er heimilt samkvæmt lögum í samræmi við 1. mgr. 14. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á upptökur, sem eru heimil samkvæmt lögum, á símtölum í tengslum við lögleg viðskipti með það fyrir augum að geta lagt fram sönnun um viðskipti eða önnur samskipti í atvinnulífnum.

6. gr.

Umferðar- og gjaldtökugögn

1. Eyða verður umferðargögnum, sem varða áskrifendur og notendur, sem verða til við afgreiðslu símtala og eru í vörslu þess sem býður fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, eða aðskilja þau frá nafni strax og símtali lýkur, með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr.

2. Þegar um er að ræða gögn vegna innheimtu áskriftargjalda og gjöld vegna samtengingar er heimilt að vinna úr gögnunum sem um getur í viðaukanum. Slík vinnsla er aðeins heimil til loka þess tímabils þegar lögum samkvæmt er hægt að vefengja eða reikningsfæra greiðslu.

3. Veitanda fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, er heimilt að vinna úr gögnum, sem um getur í 2. mgr., til markaðssetningar eigin þjónustu ef áskrifandinn hefur gefið samþykki sitt.

4. Vinnsla umferðar- og gjaldtökugagna verður að takmarkast við þá sem vinna undir umsjón þeirra sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, og sjá um gjaldtöku eða umferðarstjórn, fyrirspurnir frá viðskiptavinum, að koma upp um svik og um markaðssetningu viðkomandi fjarskiptaþjónustu og hún verður að takmarkast við það sem er nauðsynlegt vegna slíkrar starfsemi.

5. Ákvæði 1., 2., 3. og 4. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti fengið upplýsingar um umferðar- og gjaldtökugögn í samræmi við gildandi lög í því skyni að leysa deilumál, einkum deilumál sem fjalla um samtengingu eða gjaldtöku.

7. gr.

Sundurliðaðir reikningar

1. Áskrifendur eiga rétt á því að reikningar, sem þeir fá, séu ósundurliðaðir.

2. Aðildarríkin skulu beita innlendum ákvæðum til að brúa bilið milli réttar þeirra áskrifenda, sem fá sundurliðaða reikninga, og friðhelgi einkalífs þeirra sem hringja og áskrifenda sem hringt er til, til dæmis með því að tryggja að slíkir notendur og áskrifendur hafi næga aðra fjarskipta- og greiðslumöguleika.

8. gr.

Númera- og svarnúmerabirting og takmarkanir á henni

1. Þegar boðið er upp á númerabirtingu þess sem hringir verður sá hinn sami að eiga möguleika á því, á auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu, að útiloka númerabirtingu fyrir hvert símtal um sig. Áskrifandi sem hringir verður að hafa þennan möguleika fyrir hverja línu um sig.

2. Þegar boðið er upp á númerabirtingu verður áskrifandinn sem hringt er til að eiga möguleika á því, á auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu miðað við eðlilega notkun þessa möguleika, að útiloka númerabirtingu á mótteknum símtölum.

3. Þegar boðið er upp á númerabirtingu þess sem hringir og þegar númerið er birt áður en símtalið er afgreitt verður áskrifandinn sem hringt er til að eiga möguleika á því, á auðveldan hátt, að hafna símtölum þar sem notandinn eða áskrifandinn sem hringir hefur útilokað númerabirtingu.

4. Þegar boðið er upp á svarnúmerabirtingu verður áskrifandinn sem hringt er til að eiga möguleika á því, á

auðveldan hátt og sér að kostnaðarlausu, að útiloka svarnúmerabirtingu til þess notanda sem hringir.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig að því er varðar símtöl frá bandalaginu til þriðju landa. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. gilda einnig um símtöl sem berast frá þriðju löndum.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar boðið er upp á númera- og/eða svarnúmerabirtingu upplýsi veitendur fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, almenning um það og um möguleikana sem greint er frá í 1., 2., 3. og 4. mgr.

9. gr.

Undantekningar

Aðildarríkin skulu sjá til þess að gagnsæ ákvæði gildi um það á hvaða hátt þeir sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, geti komið í veg fyrir að vörn gegn númerabirtingu númersins þaðan sem hringt er sé notuð:

- tímabundið, að beiðni áskrifanda um að símtöl sem valda ónæði eða óþægindum verði rakin. Þegar um slíkt er að ræða verða gögnin, sem innihalda auðkenni áskrifandans sem hringir, geymd í samræmi við landslög og gerð aðgengileg af hálfu þeirra sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg,
- fyrir hverja línu um sig, þegar um er að ræða fyrirtæki sem bregðast við neyðarsímtölum og eru viðurkennd sem slík af aðildarríkinu, þar á meðal handhafar lögregluvalds, sjúkrahúsbifreiðar og slökkviliðsbifreiðar, til að taka á móti slíkum símtölum.

10. gr.

Sjálfvirk framsending símtala

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir áskrifendur hafi, sér að kostnaðarlausu og með auðveldum hætti, möguleika á að stöðva framsendingu sjálfvirkra símtala þriðja aðila til endabúnaðar áskrifandans.

11. gr.

Áskrifendaskrár

1. Persónuupplýsingar sem er að finna í prentuðum eða rafrænum skráum yfir áskrifendur, sem eru aðgengilegar almenningi eða hægt að nálgast með leitarþjónustu, skulu takmarkaðar við það sem er nauðsynlegt til að bera kennsl á tiltekinn áskrifanda nema áskrifandinn hafi ótvírætt gefið samþykki sitt fyrir birtingu frekari persónuupplýsinga. Áskrifandinn skal eiga rétt á því, sér að kostnaðarlausu, að vera ekki skráður í prentaða eða rafræna skrá ef hann óskar

eftir því, að gefa til kynna að ekki sé heimilt að nota persónuupplýsingar um hann í beinum markaðslegum tilgangi, að láta ekki fullt heimilisfang koma fram og að ekki komi fram, málfraðilega, hvers kyns áskrifandinn er.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin heimilað fjarskipta fyrirtækjum að krefja þá áskrifendur um greiðslu sem vilja tryggja að upplýsingar um þá verði ekki notaðar í skrá, að því gefnu að fjárhæðin sem um er að ræða letji menn ekki í því að nýta sér þennan rétt og, að teknu tilliti til gæðakrafna almennu skrárinnar miðað við altæka þjónustu, sé fjárhæðin takmörkuð við raunverulegan kostnað sem fyrirtækið ber vegna aðlögunar og uppfærslu á áskrifendaskrá sem ekki á að taka með í almennu skránni.

3. Rétturinn sem er veittur samkvæmt 1. mgr. gildir um áskrifendur sem eru einstaklingar. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, innan ramma laga bandalagsins og gildandi landslaga, að réttmætir hagsmunir annarra áskrifenda en einstaklinga séu nægilega tryggðir að því er varðar færslur þeirra í almennum áskrifendaskrá.

12. gr.

Óæskileg símtöl

1. Einungis má leyfa sjálfvirk upphringingarkerfi án mannlegrar íhlutunar (sjálfvirkar upphringingavélar) eða símbréfatæki (faxtæki) í beinum markaðslegum tilgangi þegar um er að ræða áskrifendur sem hafa gefið samþykki sitt fyrirfram.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, án þess að gjald komi fyrir, að óæskileg símtöl, í beinum markaðslegum tilgangi, með öðrum aðferðum en um getur í 1. mgr. séu ekki leyfð, hvorki án samþykkis viðkomandi áskrifenda né þegar áskrifendur hafa óskað eftir því að fá ekki slík símtöl; í landslögum skal ákvarða hvorn kostinn skuli velja.

3. Rétturinn sem er veittur samkvæmt 1. og 2. mgr. gildir um áskrifendur sem eru einstaklingar. Aðildarríkin skulu einnig tryggja, innan ramma laga bandalagsins og gildandi landslaga, að réttmætir hagsmunir annarra áskrifenda en einstaklinga séu nægilega tryggðir að því er varðar óæskileg símtöl.

13. gr.

Tæknileg atriði og stöðlun

1. Við framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin sjá til þess, í samræmi við 2. og 3. mgr., að ekki séu gerðar neinar ófrávikjanlegar kröfur um sérstök tæknileg atriði varðandi endabúnað og annan fjarskiptabúnað sem gætu komið í veg fyrir markaðssetningu búnaðarins og frjálsa dreifingu slíks búnaðar í aðildarlöndunum og milli þeirra.

Þegar einungis er unnt að koma ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd með því að gera kröfu um sérstök tæknileg atriði skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um það samkvæmt ákvæðunum sem kveðið er á um í tilskipun 83/189/EBE ⁽¹⁾ sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

2. Ef þörf krefur sér framkvæmdastjórnin til þess að settir verði sameiginlegir evrópskir staðlar vegna framkvæmdar sérstakra tæknilegra atriða í samræmi við lög bandalagsins um samræmingu laga aðildarríkjanna um endabúnað til fjarskipta, þar á meðal gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra, og ákvörðun ráðsins 87/95/EBE frá 22. desember 1986 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta ⁽²⁾.

14. gr.

Útvíkkun á gildissviði tiltekinnna ákvæða tilskipunar 95/46/EB

1. Aðildarríkin geta samþykkt lagaákvæði til að takmarka umfang þeirra skuldbindinga og réttinda sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. og 8. gr. (1., 2., 3. og 4. mgr.) þegar slík takmörkun er nauðsynleg ráðstöfun til að tryggja þjóðaröryggi, landvarnir, almannaoöryggi og til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um og ákæra fyrir lögbrot eða vegna óleyfilegrar notkunar á fjarskiptakerfinu eins og um getur í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Ákvæði III. kafla um lagaleg úrræði, bótaábyrgð og viðurlög í tilskipun 95/46/EB gilda um innlend ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og að teknu tilliti til einstakra réttinda sem leiðir af þessari tilskipun.

3. Starfshópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, skal framkvæma verkefni sem mælt er fyrir um í 30. gr. áður nefndrar tilskipunar og taka einnig tillit til verndar grundvallarréttinda og frelsis og réttmætra hagsmuna á fjarskiptasviðinu sem þessi tilskipun fjallar um.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð nefndar sem komið var á fót með 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, mæla fyrir um tækniforskriftir í viðaukanum samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í þeirri grein. Nefndin skal sérstaklega kölluð saman vegna þeirra mála sem fjallað er um í þessari tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtd. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/10/EB (Stjtd. EB L 100, 19.4.1994, bls. 30).

⁽²⁾ Stjtd. EB L 36, 7.2.1987, bls. 31. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

*15. gr.***Framkvæmd tilskipunarinnar**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. október 1998.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 5. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 24. október 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Þrátt fyrir 3. mgr. 6. gr. er samþykki ekki krafist þegar um er að ræða vinnslu sem þegar er hafin á þeim degi er innlend ákvæði, samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, öðlast gildi. Í þeim tilvikum skulu áskrifendur látnir vita um þessa vinnslu og ef þeir leggja ekki fram andmæli innan frests sem aðildarríkið ákveður teljast þeir hafa gefið samþykki sitt.

3. Ákvæði 11. gr. gilda ekki um útgáfur af áskrifenda-skrám sem hafa verið gefnar út áður en innlendu ákvæðin, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, öðlast gildi.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*16. gr.***Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

*VIÐAUKI***Gagnaskrá**

Vinnsla eftirfarandi gagna er heimil í þeim tilgangi sem um getur í 2. mgr. 6. gr.:

Gögn sem innihalda:

- númer eða auðkenni endabúnaðar áskrifanda,
 - póstfang áskrifandans og tegund búnaðar,
 - heildartölu eininga sem gjald er tekið fyrir á reikningstímabilinu,
 - númer áskrifenda sem hringt er til,
 - tegund, upphafstíma og lengd símtala og/eða magn þeirra gagna sem eru flutt,
 - dagsetning símtals/þjónustu,
 - aðrar upplýsingar varðandi greiðslur, til dæmis fyrirframgreiðslur, afborganir, lokanir og ítrekanir.
-